

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, l. nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar.

1. 3. gr. orðist svo:

Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við E-lið viðauka I við lögin: 8519.8190 og 8519.8990.

2. 4. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 85. kafla tollskrár í viðauka I við lögin:

| | A | E |
|--|-----|---|
| | % | % |
| a. Í stað tollskrárnúmeranna 8519.8100 og 8519.8900 koma fjögur ný tollskrárnúmer ásamt fyrirsögnum og tolltöxtum, svohljóðandi: | | |
| -- Sem nota segul-, ljós- eða hálfleiðaramiðlara: | | |
| 8519.8110 --- Sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar | 0 | |
| 8519.8190 --- Önnur | 7,5 | 0 |
| -- Annars: | | |
| 8519.8910 --- Sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar | 0 | |
| 8519.8990 --- Önnur | 7,5 | 0 |
| b. Við vöruliðinn 8521 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi: | | |
| 8521.9023 --- Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi | 0 | |
| c. Við vöruliðinn 8543 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi: | | |
| 8543.7003 -- Tæki til lesturs rafbóka sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi | 0 | |

Greinargerð.

Eins og fram kemur í áliti efnahags- og skattanefndar sem gefið var út fyrir 2. umræðu töldu fulltrúar tollstjóra að niðurfelling á vörugjöldum og tollum sem kveðið væri á um í 3. og 4. gr. frumvarpsins snerti fleiri vörutegundir en efni stæðu til miðað við yfirlýstan tilgang frumvarpsins og af því gæti hlotist nýtt misræmi. Má um þetta vísa til minnisblaðs tollstjóra frá 7. september sl. sem sent var fjármálaráðuneyti í framhaldi af fundi efnahags- og skattanefndar daginn áður.

Niðurfellingunni er ætlað að taka til afspilunartækja og tækja til lesturs á rafbókum og hefur fjármálaráðuneytið komið á framfæri við nefndina tillögum þar sem komið er til móts

við framangreindar athugasemdir, sbr. tölvupóst ráðuneytisins til formanns nefndarinnar frá 8. og 16. september sl. Er hér fallist á þær tillögur.

Lagt er til að tollskrárnúmerið 8519.8100 verði fellt niður og í stað þess verði til tvö ný númer, annars vegar 8519.8110 sem verður án tolla og vörugjalda og hins vegar 8519.8190 sem verður með tollum og vörugjöldum. Lagt er til að í stað þess að fella niður gjöld af númerinu 8521.9029 verði bætt við nýju númeri, 8521.9023, sem verður án tolla og vörugjalda. Lagt er til að í stað þess að fella niður gjöld af númerinu 8543.7001 verði bætt við nýju númeri, 8543.7003, sem verður án tolla og vörugjalda. Loks er lagt til að númerið 8519.8900 sem ekki er getið í 3. og 4. gr. frumvarpsins verði fellt niður og í stað þess verði til tvö ný númer, annars vegar 8519.8910 sem verður án tolla og vörugjalda og hins vegar 8519.8990 sem verður með tollum og vörugjöldum.